

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 11. febrúar var haldinn 127. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í íþróttahéimili valsmanna og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Örn Þórðarson, Hrefna Guðmundsdóttir og Kristján Freyr Halldórsson. Áheyrnarfulltrúi frá Framsókn og Flugvallarvinum Jóhanna Halldórsdóttir, fulltrúi Ungmennaráðs miðborgar og hlíða Guðrún Jóhannesdóttir. Þá sat fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar miðborgar og hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Gestir undir lið 1. Gunnar Örn Arnarson og Jónas Guðmundsson frá Val.

Þetta gerðist

1. Jónas Guðmundsson starfsmaður afrekssviðs Vals kynnti hugmynd um hverfishátíð í vor. Gunnar Örn Arnarson íbrottafulltrúi Vals kynnti starfsemi félagsins. Hverfisráð fagnar samstarfi við íbrottafélagið og framkvæmdastjóra er falið að boða til samráðsfundar með fulltrúum úr hverfinu.
2. Deiliskipulag Miklubrautar frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð
Bókun fulltrúa Samfylkingar og Bjartrar framtíðar:
Framkvæmdastjóra hverfisráðs falið að koma eftirfarandi bókun til Umhverfis- og skipulagssviðs.

Hverfisráð Hlíða ítrekar ósk sína að tekið verði á vandamálum sem eru veruleg á kaflanum frá Lönguhlíð að Skaftahlíð samhliða framkvæmdum á Miklubraut frá Lönguhlíð að Rauðarárstíg. Þar hafa íbúar í árávísi ýtt á aðgerðir til að tryggja öryggi sunnan megin og hljóðvist beggja vegu á þeim kafla. Hverfisráðið skorar á Umhverfis- og samgönguráð að taka aftur til umfjöllunar fyrri hugmyndir um breikkun eyju við inngötu og lága hljóðveggi beggja vegu brautarinnar á þessum kafla. Einnig bendir hverfisráð á að hljóðvist við Gunnarsbraut (gömlu Miklubraut) er slæm og gott væri að hljóðmönin næði áfram frá Rauðarárstíg og upp Gunnarsbraut. Hverfisráð ítrekar jafnframt að framkvæmdin verði vel kynnt íbúum við Miklubraut. Framkvæmdin öll verði gerð með hag íbúa hverfisins í huga og fegurðargildi verði haft að leiðarljósi sem og að öllum ráðum til að bæta hljóð- og loftgæði verði beitt. Gróður verði aukinn við götuna eins mikið og kostur er með gróðursetningu trjáa og annarra plantna og að skoðað verði hvort vænlegt sé að planta gróðri ofaná eða aftan við hljóðmönina sunnan megin Miklubrautar. Öryggi gangandi verði bætt sunnan megin og gönguljós betrumbætt verulega frá því sem nú er og að við alla hönnun sé algild hönnun og aðgengi fyrir alla haft að leiðarljósi.

3. Erindi um hljóðmön við Suðurhlíð frá íbúa og mælingu á hávaða.
Framkvæmdastjóra falið að senda erindið til Umhverfis og skipulagssviðs.
4. Erindi frá Ungmennaráði og Kampi, ungmennahúsi, varðandi frístundastarf 16 – 18 ára.
Styrkur er kominn til verkefnisins. Hverfisráð fagnar því að starfið sé tryggt út önnina.
5. Boðanir á fundi Hverfisráð. Erindi frá skrifstofu borgarstjóra lagt fyrir fundinn.
6. Nágrannavarsla í Hlíðum, Holtum og Norðurmýri.
Sigbrúður Arnardóttir framkvæmdastjóri kynnti formið á nágrannavörslu. Framkvæmdastjóra falið að vinna að framgangi nágrannavörslu í Hlíðum, Norðurmýri og Holtum.
7. Styrkbeiðni frá Hlíðaskóla varðandi þátttöku í ráðstefnu erlendis um vinaliðaverkefni.

Hverfisráð sér sér ekki fært um að verða við fyrirliggjandi styrkbeiðni Hlíðaskóla. Hverfisráð felur framkvæmdastjóra að óska eftir kynningu á vinaliðaverkefningu fyrir ráðið.

8. Önnur mál
Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir upplýsingum um stöðu húsnæðismála félagsmiðstöðvar Hlíðaskóla.

Næsti fundur 10.03 2016

Fundi slitið kl. 19:00

Margrét M. Norðdahl

Hrefna Guðmundsdóttir
Örn Þórðarson

Kristján Freyr Halldórsson